

Skaftárhreppur  
Ólafur Elvar Júlíusson  
Klausturvegi  
880 Kirkjubæjarklaustur

Reykjavík, 30. júní 2022  
UST202205-205/A.B.  
10.04.02

## Efni: Tillaga - Aðalskipulag Skaftárhrepps 2019 – 2031 - Heildarendurskoðun

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Skaftárhrepps er barst 16. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að heildarendurskoðun á aðalskipulagi sveitarfélagsins.

Í greinargerð á bls. 16 kemur fram að Skaftárhreppur hefur sjálfbærni að leiðarljósi í allri ákvarðanatöku, verndar náttúruna og ætlar að vera leiðandi í umhverfismálum.

### Heimsmarkmið

Varðandi stefnumótun í kafla 2.1.1 bendir Umhverfisstofnun á að hér ætti að bæta við umfjöllun um heimsmarkmið 6 sem snýr að verndun vatns og vatnsgæða og tryggja fullnægjandi fráveituhreinsun.

### Friðlýst svæði

Umhverfisstofnun bendir á að hafa skal samráð og leita leyfis Vatnajökulsþjóðgarðs varðandi framkvæmdir innan þjóðgarðsins.

### Náttúruminjaskrá

Umhverfisstofnun bendir á að inngangurinn í kafla 7.9 á við kafla 7.8. Skv. skipulagsreglugerð er önnur náttúruvernd skilgreind sem „*Svæði svo sem jarðmyndanir og vistkerfi sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt lögum um náttúruvernd. Jafnframt svæði sem skilgreind eru í verndarflokki í verndar- og orkunýtingaráætlun.*“

Á bls. 22 í greinargerð er fjallað um þau svæði sem eru á náttúruminjaskrá innan sveitarfélagsins, en bæta þarf við Emstrum í upptalninguna.

### Sérstök vernd náttúruverndarlaga

Umhverfisstofnun bendir á að Náttúrufræðistofnun Íslands hefur nú þegar kortlagt vistkerfi og jarðminjar sem falla undir 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 í kortasjá NÍ.<sup>1</sup> Mikilvægt er að fjallað sé um ákvæðin í kafla 7 í greinargerð og útbreiðslu vistkerfanna og jarðminjanna á þemaupprætti.

Umhverfisstofnun bendir á að Skógræktin hefur það hlutverk að skilgreina og kortleggja náttúrulega birkiskóga sem falla undir 61. gr. náttúruverndarlaga.

---

<sup>1</sup> <https://serstokvernd.ni.is/>

Umhverfisstofnun bendir á að í 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd er fjallað um vistkerfi og jarðminjar sem falla undir sérstaka vernd laganna. Eftirtalin vistkerfi njóta sérstakrar verndar í samræmi við markmið 2. gr., sbr. og 3. gr. náttúruverndarlaga:

- a. votlendi, svo sem hallamýrar, flóar, flæðimýrar, rústamýrar, 20.000 m<sup>2</sup> að flatarmáli eða stærri, stöðuvötn og tjarnir, 1.000 m<sup>2</sup> að flatarmáli eða stærri, og sjávarfitjar og leirur.
- b. sérstæðir eða vistfræðilega mikilvægir birkiskógar og leifar þeirra þar sem eru m.a. gömul tré.

Eftirtaldar jarðminjar njóta sérstakrar verndar í samræmi við markmið 3. gr. náttúruverndarlaga:

- a. eldvörp, eldhraun, gervigígar og hraunhellar sem myndast hafa eftir að jökull hvarf af landinu á síðjökultíma.
- b. fossar og nánasta umhverfi þeirra að því leyti að sýn að þeim spillist ekki, hverir og aðrar heitar uppsprettur ásamt lífríki sem tengist þeim og virkri ummyndun og útfellingum, þar á meðal hrúðri og hrúðurbreiðum.

Á bls. 152 í greinargerð í kaflanum um umhverfisviðmið segir að samkvæmt náttúruverndarlögum falla jarðmyndanir og vistkerfi sem njóta sérstakrar verndar og skal forðast röskun þeirra eins og kostur er. Umhverfisstofnun bendir á að hér er verið að vitna í ákvæði eldri náttúruverndarlaga og eigi því ekki við.

Í 61. gr. nágildandi laga er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúruvæðra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Umhverfisstofnun bendir á að kynningartillagan gerir ráð fyrir efnistöku, skógrækt og landgræðslu sem getur haft neikvæð áhrif á nútímahraun og votlendi sem falla undir greinina. Auk þess er stofnanasvæði S1 skilgreint á votlendissvæði.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað sé um á nákvæman hátt í greinargerð hvaða vistkerfi og jarðminjar falla undir 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013, ákvæði laganna, að tillagan taki mið af ákvæðum greinarinnar, unninn sé þemauppdráttur sem sýnir svæðin og fjallað sé um réttaráhrif svæða sem falla undir greinina.<sup>2</sup>

Umhverfisstofnun leggur áherslu á að það komi fram hvaða leiðir verði farnar til þess að forðast rask vistkerfa og jarðminja sem falla undir sérstaka vernd sbr. 61. gr. náttúruverndarlaga og hvaða valkostir séu skoðaðir.

Umhverfisstofnun bendir á að ef skipulagstillagan gerir ráð fyrir röskun á svæðum sem falla undir sérstaka vernd þurfi að rökstyðja þá ákvörðun og gera grein fyrir öðrum svæðum sem skoðuð hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu áætlunarinnar og ástæðum þess að þau urðu ekki fyrir valinu. Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint

<sup>2</sup> <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2013060.html>

skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að veða saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. og 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna. Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal hann, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent Umhverfisstofnun, sbr. 6. mgr. ákvæðisins. Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúrufyrirbæri sem verða fyrir röskun.

### **Mikilvæg fuglasvæði**

Umhverfisstofnun bendir á að innan sveitarfélagsins er mikilvægt fuglasvæði skv. vistgerðarkorti NÍ og nefnist það Landbrot–Meðalland.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að fjallað sé um fuglasvæði innan sveitarfélagsins í áætluninni og það komi fram í tillögunni hver sé stefna sveitarfélagsins varðandi vernd fuglasvæðanna og landnotkun á svæðum sem eru mikilvæg búsvæði fyrir fugla.

Umhverfisstofnun bendir á að á þessum svæðum eru fuglategundir sem eru forgangstegundir skv. Bernarsamningnum, á válista og ábyrgðartegundir Íslands.<sup>3</sup>

Í skýrslu NÍ frá árinu 2012 er nefnist „*Vöktun íslenskra fuglastofna - Forgangsröðun tegunda og tillögur að vöktun*“ eftir Guðmund A. Guðmundsson og Kristin Hauk Skarphéðinsson segir m.a. að talað sé um ábyrgðartegundir einstakra landa ef stór hluti einhvers dýrastofns byggir afkomu sína á tilteknum svæðum innan einstakra þjóðríkja. Einnig segir í skýrslunni að Íslendingar beri mikla ábyrgð á mörgum stofnum fugla sem annaðhvort verpa hér í óvenju ríkjum mæli eða þá að stór hluti viðkomandi stofns fari hér um á ferðum sínum vor og haust. Á heimasíðu NÍ segir að miðað sé við að um 20% af Evrópustofni viðkomandi tegundar nýti Ísland til varps eða komi hér við á ferðum sínum kallist ábyrgðartegund.

### **Víðerni**

Í stefnu sveitarfélagsins eru sett fram markmið um að skerða ekki víðerni sbr. umfjöllun um landnotkun á landbúnaðarsvæðum og iðnaðarsvæðum. Hins vegar gerir tillagan ráð fyrir röskun á víðernum m.a. við virkjanaf framkvæmdir.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að það komi fram með skýrum hætti í tillögunni hver stefna sveitarfélagsins er varðandi verndun víðerna í sveitarfélaginu.

<sup>3</sup> <https://www.ni.is/greinar/forangstegundir-fugla>

### **Búsvæði sela**

Umhverfisstofnun bendir á að innan sveitarfélagsins eru selalátur, m.a. í Kúðafljóti og við Núpsvötn <sup>4</sup> og bendir stofnunin á að mikilvægt sé að fjallað sé um selalátrín í tillögunni.

Umhverfisstofnun vill einnig benda á að selir eru skráðir á valista Náttúrufræðistofnunar Íslands (2018). Þar er landselur flokkaður sem tegund í bráðri hættu og útselur flokkaður sem tegund í hættu.

Umhverfisstofnun bendir á að í 4. mgr. 17. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir að sérstök aðgát skuli höfð í nánd við selalátur.

Umhverfisstofnun telur mjög mikilvægt að selaskoðunarstaðir séu hannaðir með þeim hætti að þeir hafi sem minnst áhrif á búsvæði selanna og truflun sé haldið í algjöru lágmarki.

### **Íbúðarsvæði sunnan Klaustursvegur**

Í greinargerð á bls. 42 kemur fram að ekki verður heimilt að byggja á svæðum sem eru mikilvæg eða verðmæt vegna náttúrufars. Hins vegar nær þéttbýli Kirkjubæjarklausturs, þar sem eru skilgreind íbúðarsvæði og verslunar- og þjónustusvæði, inn á mikilvæg fuglasvæði<sup>5</sup> sem var fjallað um hér að ofan.

Í umhverfismati eru áhrif á fuglalíf óljós, en uppbygging gæti þó haft áhrif á búsvæði fugla á svæðinu (bls. 161). Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að það komi með skýrum hætti fram í tillögunni hver áhrif uppbyggingarinnar verða á búsvæði og fæðusvæði fuglategunda sem eru forgangstegundir skv. Bernarsamningnum. Að mati Umhverfisstofnunar mun uppbygging á mikilvægum fuglasvæðum hafa áhrif fuglalíf.

Í greinargerð segir að svæðið sé að mestu mólendi og kjarr. Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar Íslands (<http://vistgerdakort.ni.is/>) er innan ÍB6 vistgerðin starungsmýravist sem er með hátt verndargildi og er á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar.

### **Gestastofa Vatnajökulsþjóðgarðs**

Innan svæðisins (S1), sem er ætlað fyrir gestastofu Vatnajökulsþjóðgarðs, er votlendi<sup>6</sup> sem fellur undir 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 og verndaðar votlendisvistgerðir<sup>7</sup>. Að mati Umhverfisstofnunar munu framkvæmdir raska votlendi sem undir ákvæðið falla og því mikilvægt að litið sé til ofangreindra ákvæða náttúruverndarlaga varðandi staðsetningu gestastofunnar.

### **Stakar framkvæmdir á landbúnaðarlandi**

Í greinargerð á bls. 64 segir að áfram verði gerð krafa um deiliskipulag eða eftir atvikum grenndarkynningu, framkvæmdaleyfi og/eða byggingarleyfi vegna stakra framkvæmda á landbúnaðarsvæðum. Umhverfisstofnun telur til fyrirmyndar að sveitarfélagið ætli að skoða stakar framkvæmdir í hverju tilfelli þótt þær verði ekki sýndar á aðalskipulagsupprætti en gerð verði krafa um deiliskipulag.

---

<sup>4</sup> <http://selalatur.ni.is/>

<sup>5</sup> <http://www.ni.is/node/16181>

<sup>6</sup> <https://serstokvernd.ni.is/>

<sup>7</sup> <https://vistgerdakort.ni.is/>

Umhverfisstofnun bendir á að við gerð deiliskipulags á náttúruverndarsvæðum og á svæðum sem njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga skal leita umsagnar Umhverfisstofnunar, Náttúrufræðistofnunar Íslands og viðkomandi náttúruverndarnefnda.

Umhverfisstofnun bendir á að það þurfi að koma fram í tillögunni hvað er átt við með minni tjaldsvæði.

### **Skógrækt og ásýnd**

Almenn ákvæði í greinargerð varðandi skógrækt eru nokkuð ítarleg, en það þarf að setja skýrari skilmála varðandi skógrækt og ásýnd.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að skógræktarsvæðið falli vel að landslaginu en í 70. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir: „*Við túnrækt, skógrækt, uppgræðslu lands, skjólbeltagerð og aðra ræktun skal þess gætt að hún falli sem best að heildarsvipmóti lands og raski ekki náttúru- og menningarminjum. Við gerð áætlana, mat á umhverfisáhrifum og afgreiðslu umsókna vegna leyfisskyldrar ræktunar skal taka afstöðu til þessara atriða.*“

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að huga að sjónrænum áhrifum skógræktar, þannig að ekki vaxi upp ferningslaga ræktunarsvæði heldur verði fylgt formum landslags eins og kostur er og tekið tillit til sérkenna landslags á hverjum stað. Til að unnt verði að ná þessum markmiðum ætti að hanna skógrækt á hverjum stað.

Við skógræktarsvæði SL1 er foss sem nefnist Systrafoss. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að skoðað sé í tillögunni hvernig skógrækt hafi áhrif á ásýnd á fossinn. Fossar falla undir b. lið 2. mgr. í 61. gr laga nr. 60/2013 um náttúruvernd en þar segir að vernda skuli fossa og nánasta umhverfi þeirra að því leyti að sýn að þeim spillist ekki.

### **Skógrækt, landgræðsla og jarðmyndanir**

Gert er ráð fyrir stórum skógræktar- og landgræðslusvæðum í tillögunni og eru mörg þessara svæða á söndum og á sand- og vikurorpnnum hraunasvæðum. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að hugað sé að verndun sýnilegra jarðminja á þessum svæðum við skógrækt og landgræðslu.

Einnig þarf að huga að hvort ræktunarsvæðin gangi nærri jaðri hraunasvæða eins og við Skál (SL10), Bresti (SL11), Halldórstættur/Hnausa (SL16) og Orustustaði (SL22) og sett séu strangari ákvæði hvað þetta varðar.

Varðandi reit SL17 Syðri – Steinsmýri þarf að afmarka reitinn á mun nákvæmari hátt, líkt og er gert fyrir reiti SL10 og SL11, þar sem reiturinn nær að hluta til yfir votlendissvæði og votlendisvistgerðir sem hafa hátt verndargildi. Auk þess þarf að mati stofnunarinnar að fjalla um hver áhrif landgræðslu er á votlendi og votlendisvistgerðir.

### **Vatnamál**

Umhverfisstofnun bendir á að fyrsta vatnaáætlun Íslands<sup>8</sup> var staðfest í apríl 2022 á grunni laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála. Markmið laganna er að vernda allt vatn (yfirborðsvatn og grunnvatn) og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta

<sup>8</sup> [Vatnaáætlun 2022-2027 - Copy \(1\).pdf \(ust.is\)](#)

ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar. Jafnframt er lögnum ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns sem og langtímavernd vatnsauðlindarinnar.

Öll vatnshlot eiga að ná umhverfismarkmiðum sínum. Samkvæmt lögnum má ástand vatnshlota ekki rýrna. Gerist slíkt þarf að setja fram aðgerðir til að draga úr álagi á vatnshlotið með það að markmiði að bæta ástandið. Umhverfisstofnun bendir á að í 28. gr. laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála, þar sem fjallað er um réttaráhrif vatnaáætlunar, segir að opinberar áætlanir á vegum stjórnvalda, svo sem vegna skipulagsmála, náttúruverndar, orkunýtingar og samgangna, skulu vera í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun. Við endurskoðun eða breytingu skipulagsáætlunar sveitarfélags skal, þegar við á, samræma skipulagsáætlunina vatnaáætlun innan sex ára frá staðfestingu vatnaáætlunar.

Í kafla 7.4 ætti að vísa í reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns þar sem ákvæði um vatnsverndarsvæði koma fram.

Umhverfisstofnun bendir á að almennu ákvæðin mættu vísa til þess að ákvæðum reglugerða t.d. nr. 796/1999 og laga nr. 36/2011 verði framfylgt til að tryggja vatnsvernd. Ástand vatnshlota megi t.d. ekki hnigna. Umhverfisstofnun tekur undir mikilvægi þess að afmarka vatnsverndarsvæði á skipulagsuppdráttum til að tryggja vernd þeirra. Þess má geta að boranir eftir vatni eru tilkynningarskyldar skv. lögum nr. 57/1998 um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu. Í 14. gr. kemur fram: „*Þrátt fyrir ákvæði 6. og 7. gr. er landeiganda heimilt án leyfis að hagnýta grunnvatn í eignarlandi sínu til heimilis- og búsparfa, þar með talið til fiskeldis, iðnaðar og iðju, allt að 70 ltr./sek. Landeiganda ber þó að tilkynna Orkustofnun um fyrirhugaðar jarðboranir og aðrar meiri háttar framkvæmdir vegna þessa. Orkustofnun er heimilt ... 1) að setja landeiganda þau skilyrði sem nauðsynleg eru talin vegna öryggis eða af tæknilegum ástæðum eða ef ætla má að boranir geti spillt nýtingu sem fram fer á svæðinu eða möguleikum til nýtingar síðar.*“

Í kafla 7.6 í greinargerð kemur fram að losun skaðlegra efna í hafið frá skipum og landi, m.a. þrávirkra lífrænna efna, geislavirkra efna og þungmálma, hverfi með öllu, en ekki er ljóst hvernig sveitarfélagið ætlar að stuðla að þessu markmiði, hvað varðar losun frá skipum, þar sem tengsl sveitarfélagsins við sjávarútveg eru takmörkuð.

Auk þess kemur fram í kaflanum að stefnt er að því að Heilbrigðiseftirlit Suðurlands í samráði við sveitarfélagið, flokki vatnasvæði í sveitarfélaginu og setji viðmiðunarmörk vegna gerlamengunar og notkunar áburðarefna. Umhverfisstofnun bendir á að ekki er lengur nauðsynlegt að flokka vatn í samræmi við 9. gr. reglugerðar nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns. Lög nr. 36/2011 taka í raun yfir þá flokkun og kröfur um vernd vatns eru settar fram í vatnaáætlun (2022- 2027). Viðmiðunarmörk fyrir gerlamengun eru sett í reglugerð nr. 796/1999 og því ekki forsendur til að Heilbrigðiseftirlit Suðurlands geri slíkt.

Umhverfisstofnun leggur til að tilvísun í flokkun vatns skv. reglugerð 796/1999 verði tekin út og tilvísanir í vatnaáætlun og skilgreind vatnshlot sett inn í staðinn (sjá [vatnavefsja](#)).

Viðmiðunarmörk fyrir gerlamengun eru í reglugerð nr. 796/1999 eins og fyrr segir. Í flestum tilfellum er fullnægjandi að hreinsa skólþ með tveggja þrepa hreinsun og losa svo hreinsað fráveituvatn í jarðveg eða ofanvatn. Þar sem t.d. svæði eru viðkvæm eða losa



þarf í viðtaka nálægt húsi/byggð gæti verið þörf á frekari hreinsun t.d. á bakteríum. Slíkt þarf að meta í hverju tilfelli fyrir sig. Þar af leiðandi er afar mikilvægt að haft sé samráð við heilbrigðisnefndir um fráveitulausnir.

Í kafla 8.4 er fjallað um efnistöku og vill Umhverfisstofnun koma á framfæri að samkvæmt lögum nr. 36/2011, um stjórn vatnamála, ber rekstraraðila að sjá til þess að vatnsgæðum vatnshlota hraki ekki vegna starfseminnar. Efnistaka úr vatnshlotum má ekki valda því að ástand vatnshlota rýrni samkvæmt vatnaáætlun.

Fjarlæging á efni (set og möl) úr vatnshlotum getur haft neikvæð áhrif á lífríki bæði staðbundið og neðar í vatnshlotum. Jafnframt vekur Umhverfisstofnun athygli á því að umferð vinnuvéla á svæðinu og í vatnshlotinu eykur hættu á mengunarslysum.

Í kafla 8.5 er eftirfarandi texti: „*Merkt er iðnaðarsvæði í Eldhrauninu þar sem vatnaveitingar Skaftá eru, en þær hafa verið liður í að viðhalda rennsli lindarlækja í Landbroti.*“ Umhverfisstofnun telur ekki skýrt við hvað er átt með þessum texta.

Í kafla 9.6 um umhverfisviðmiðin ætti einnig að fjalla um lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála, reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp og reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns og vatnaáætlun undir „Önnur stefnumörkun“.

Í kafla 5.1 um landbúnaðarsvæði kemur fram að gera megi ráð fyrir smávirkjunum undir 200 kW án þess að breyta þurfi aðalskipulagi, þá skuli meta áhrif virkjunarinnar á vatnið, aðra landnotkun, fiska og veiði, ásýnd og lífríki. Auk þess er fjallað um þrjá virkjunarkosti í umhverfismati, Skaftárdalur 9,8 MW og Skálarvirkjun 5 MW, báðar staðsettar í Skaftá, og þriðji kosturinn er Hnútuvirikjun í Hverfisfljóti.

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt lögum um stjórn vatnamála verður allt vatn að ná umhverfismarkmiðum sínum og má ekki falla um flokk. Vistfræðilegt ástand vatns á skipulagssvæðinu öllu er flokkað mjög gott og mega því framkvæmdir eða breytingar á vatni/vatnshlotum ekki valda því að vatnshlot falli um flokk, þ.e. fara úr t.d. mjög góðu ástandi í gott ástand. Gerist slíkt þarf að fara í aðgerðir til að draga úr álagi.

### **Fráveita**

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt lögum nr. 9/2009, um uppbyggingu og rekstur fráveitna, ber sveitarfélag ábyrgð á uppbyggingu og rekstri fráveitna. Kröfur um hreinsun á fráveituvatni frá bæði dreifbýli og þéttbýli eru settar fram í reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað sé nákvæmlega um hver staða fráveitumála sé í sveitarfélaginu, þar sem komi fram magn og umfang fráveitu, eðli hreinsivirkja og auk þess er mikilvægt að það komi fram hvert sé ástand viðtakans.

Einnig bendir stofnunin á að þar sem þörf er á úrbótum í fráveitumálum þarf að koma fram hver stefna sveitarfélagsins er varðandi endurbætur og hver tímarammi endurbóta er.

Nokkuð góðar upplýsingar eru um fráveitumál og fyrirætlanir, sér í lagi fyrir Kirkjubæjarklaustur sem er afar ánægjulegt. Umhverfisstofnun vill þó vekja athygli á að mikilvægt er að bera áætlanir undir Heilbrigðiseftirlit Suðurlands. Heilbrigðiseftirlitið gefur út starfsleyfi fyrir fráveitu í þéttbýli í samræmi við 14. gr. reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólp. Auk þess skal afla fyrirmæla og leyfis heilbrigðisnefnda hverju sinni fyrir hreinsivirki sem ekki eru tengd fráveitu þéttbýlis (15. gr.).

Umhverfisstofnun vekur einnig athygli á því að kröfur um hreinsun á skólpi eru tveggja þrepa nema þar sem heimiluð er minni hreinsun eða þörf er á meiri hreinsun (viðkvæm svæði). Rotþró t.d. ein og sér er ekki fullnægjandi hreinsun heldur þarf einnig siturbeð eða annars konar hreinsistöð til að uppfylla kröfur um hreinsun.

Umhverfisstofnun vill einnig taka undir það sem fram kemur í greinargerðinni að seyran verði nýtt sem áburðargjafi en mikilvægt er að hugsa fráveitumálin heildstætt og meðal annars hvað skal gera við auðlindina, enda stutt í að urðun á seyru verði ekki lengur leyfð.

Varðandi almennu ákvæðin vill Umhverfisstofnun benda á að líklega væri betra að orða stefnu sveitarfélagsins með þeim hætti að ákvæðum laga nr. 9/2009, um uppbyggingu og rekstur fráveitna, og kröfur um hreinsun skv. reglugerð nr. 798/1999, um fráveitur og skólp, verði fylgt hvort sem er um þéttbýli eða dreifbýli að ræða, fremur en að vísa í að stefnt verði að því að halda mengun í lágmarki. Sé farið eftir reglum er hægt að tryggja að slíkt verði.

### Úrgangur

Í greinargerð á bls. 22 er vísað í landsáætlun um meðhöndlun úrgangs 2013-2024. Umhverfisstofnun bendir á að landsáætlun um meðhöndlun úrgangs er ekki lengur í gildi og var áætlunin felld úr lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs með síðari breytingum. Í stað landsáætlunar tóku við svæðisáætlanir sveitarfélaga með lagabreytingu árið 2014.

Umhverfisstofnun bendir á að ráðherra gaf út, í júní 2021, nýja stefnu í úrgangsmálum sem nefnist *Í átt að hringrásarhagkerfi*. Þegar kemur að innleiðingu hringrásarhagkerfis, í úrgangsmálum á Íslandi, er um að ræða tvær stefnur ráðherra sem mynda sameiginlega heildarstefnu í úrgangsmálum. Annars vegar stefna um úrgangsforvarnir, sem kom út í fyrsta sinn árið 2016 undir heitinu *Saman gegn sóun*, og hins vegar stefnan um meðhöndlun úrgangs. Saman mynda þessar stefnur eina heildarstefnu í úrgangsmálum sem nefnist: *Í átt að hringrásarhagkerfi*. Sú stefna kemur í stað landsáætlunar um meðhöndlun úrgangs 2013–2024, í samræmi við breytingar sem gerðar voru árið 2014 á lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs.

Umhverfisstofnun bendir á að í greinargerð segir að unnið verði að frekari flokkun og endurvinnslu sorps. Stofnunin bendir á að skv. lögum um meðhöndlun úrgangs er sorp skilgreint sem samheiti heimilisúrgangs. Úrgangur er víðtækara hugtak og nær einnig yfir rekstrarúrgang, m.a. byggingar- og niðurrifsúrgang. Því telur stofnunin réttara að nota hugtökin heimilisúrgangur og úrgangur eftir því sem við á í stað sorps í þessu samhengi. Umhverfisstofnun bendir á að í greinargerð er aðeins fjallað um sorpförgun en stofnunin telur að betra væri að fjalla heildstætt um stefnu í úrgangsmálum sveitarfélagsins, bæði úrgangsforvarnir sem og úrgangsmeðhöndlun eftir forgangsroðun þar sem lögð er áhersla á endurvinnslu og aðra endurnýtingu fremur en förgun.

Bann við urðun á lífúrgangi, ásamt öðrum sérsöfnuðum heimilisúrgangi, tekur gildi þann 1. janúar 2023. Bann við urðun alls lífbrjótanlegs úrgangs (þar með talið lífræns rekstrarúrgangs) er aðgerð nr. 16 í stefnunni sem áætlað er að taki gildi fyrir árslok 2024. Tengist þetta Aðgerð F.2 í Aðgerðaáætlun stjórnvalda í loftslagsmálum. Umhverfisstofnun telur að í greinargerð ætti að vera umfjöllun um hvernig sveitarfélagið hyggt ráðstafa lífúrgangi og síðar meir öllum lífbrjótanlegum úrgangi, á annan hátt en í að senda til urðunar eða til brennslu.



Umhverfisstofnun bendir á að þann 1. janúar 2023 tekur gildi breyting á lögum nr. 103/2021 um breytingu á m.a. lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, sem er hluti innleiðingar á ofangreindri stefnu ráðherra í úrgangsmálum.

### **Starfsleyfi**

Stofnunin bendir á að skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir skal allur atvinnurekstur, sem sótt er um starfsleyfi fyrir, vera í samræmi við skipulag. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fram komi með skýrum hætti í skipulagstillögunni hvar leyfilegt sé að vera með starfsemi sem er starfsleyfisskyld hjá Umhverfisstofnun, eða heilbrigðisnefnd, til að hægt sé að meta hvort starfsemin samræmist skipulagi, skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

### **Urðunarsvæði**

Í greinargerð segir að á urðunarsvæði á Stjórnarsandi er ætlaður fyrir sláturúrgang. Umhverfisstofnun bendir á að með gildistöku reglugerðar (EB) nr. 1069/2009, sbr. reglugerð nr. 674/2017 um heilbrigðisreglur að því er varðar aukaafurðir dýra og afleiddar afurðir ekki ætlaðar til manneldis er urðun sláturúrgangs ekki heimil.

### **Mengaður jarðvegur**

Stofnunin vill koma því á framfæri að skv. 12. gr. reglugerðar nr. 1400/2020, um mengaðan jarðveg, skal Umhverfisstofnun vinna í gerð gagnagrunns yfir menguð svæði eða svæði þar sem grunur er um mengun. Samkvæmt 13. gr. sömu reglugerðar skulu sveitarfélög taka mið af þessari skrá við gerð skipulags. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að tillagan takið mið af ofangreindri reglugerð við gerð umhverfismats.

Að mati Umhverfisstofnunar ætti að skilgreina þessi svæði sem varúðarsvæði, sbr. skipulagsreglugerð nr. 90/2013.

### **Efnistaka**

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að ákvæði tillögunnar á efnistökusvæðum séu í samræmi við ákvæði náttúruverndarlaga, þá sérstaklega 61. gr. laganna.

Umhverfisstofnun bendir á að náman Skriða í fjallshlíð gegnt Orustuhól (E31) er frágengin og þarna er ekki fyrirhuguð frekari efnistaka og ætti að taka út af skipulagi. Að mati Umhverfisstofnunar er þessi náma í mjög fallegu umhverfi og þarna er ekki unnt að taka efni nema því fylgi verulega neikvæð áhrif, auk þess sem þarna er líklega ekki mikið efni að hafa.

Umhverfisstofnun bendir á að reyna ætti að sækja efni í aur eins og kostur er í stað þess að taka efni í námur í hrauni og gervígígum sem falla undir 61. gr. náttúruverndarlaga.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fram komi skýrari stefna varðandi opin efnistökusvæði sem hafa verndargildi og hugað sé að betri nýtingu á svæðunum. Auk þess ætti að fækka og haga efnistöku í Landbroti þannig að klára efnistöku á hverjum stað og ganga vel frá í stað þess að kroppa í gíga og hraun á mörgum stöðum.

Varðandi efnistöku úr gjallgígum sem enn er stunduð á að mati stofnunarinnar að leggja áherslu á að klára þau svæði sem þegar hefur verið raskað í stað þess að hefja efnistöku á nýjum stöðum. Ef af frekari efnistöku verður úr þessum jarðmyndunum, ætti að velja

staði inn í hólabyrpingunni og leggja áherslu á að vinna efni úr hólunum í átt að þjóðvegi eða alfaraleið þannig að sjónræn áhrif verði sem minnst.

Að mati Umhverfisstofnunar setja hólarnir mikinn svip á landslagið og ætti alfarið að hætta efnistöku úr gígunum og ætti sveitarfélagið að leggja áherslu á verndun þessara jarðminja og líta til svæðisins t.d. við Klaustur í heild sinni og standa vörð um þessar minjar. Sama gildir um fallegar algrónar hlíðar þar sem alls ekki ætti að hefja efnistöku og hlífa þeim við aðrar framkvæmdir sem kunna að hafa verulega neikvæð sjónræn áhrif í för með sér.

Umhverfisstofnun bendir á að mikilvægt er að skilgreina hvað átt er við með orðalaginu *efnistaka til eigin nota*, hver skilningur sveitarstjórnar er með orðalaginu minniháttar efnistaka og hvernig sú efnistaka er flokkuð og hvernig sveitarfélagið hyggst framfylgja stefnunni, þá sérstaklega varðandi efnistöku á verndarsvæðum.

### **Vegir í náttúru Íslands**

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að vandað sé til verka bæði á hálendi, m.a. við Ófærafoss, Hrossatungur (AF27) og Blágil (AF26) og á láglandi, m.a. í Landbroti og Landbrotshólum sem falla undir 61. gr. náttúruverndarlaga. Í greinargerð á bls. 183 segir þar sem fjallað er um verslunarsvæðið við Hátún, að svæðið sé staðsett á jaðri Landbrotshóla og á svæði sem þegar hefur verið raskað með vega- og slóðagerð.

Auk þess þarf að koma fram í tillögunni rök fyrir vegi að Brytalækjum og Umhverfisstofnun bendir á að nokkuð er um utanvegaakstur á Álftavatnskróki (merktur F233 á uppdrætti).

Umhverfisstofnun bendir á að með umsögn þessari er stofnunin ekki að samþykkja vegi innan náttúru Íslands skv. 32. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

### **Smávirkanir**

Í tillögunni hefur verið afmarkað svæði fyrir þrjár smávirkanir, 9,8 MW virkjun í Skaftá, 9,3 MW virkjun í Hverfisfljóti og 5 MW virkjun í landi Skálar.

Meginrök fyrir virkjununum er að mikilvægt sé að tryggja raforkuöryggi í sveitarfélaginu, en ekki kemur fram hver raforkuþörf sé og ekki kemur fram hvort að þessar framkvæmdir uppfylli orkuþörf sveitarfélagsins til næstu ára.

Eðlismunur er á smávirkjununum og umhverfisáhrif mismunandi, en í umhverfismati kemur fram að leggja þurfi aðkomu/vinnuvegi, raflínur, gera uppistöðulón og stíflur, stöðvarhús, miðlunarlón, inntaksmannvirki, aðrennslis- og veitugöng og efnistökusvæði.

Í umhverfisskýrslu kemur fram að framkvæmdirnar munu hafa áhrif á ásýnd, óbyggð víðerni, fuglalíf, vistgerðir, jarðminjar sem falla undir sérstaka vernd náttúruverndarlaga og svæði á náttúruminjaskrá.

Umhverfisstofnun telur að skoða ætti vandlega hvort ekki sé mögulegt að afla orku til nýtingar í sveitarfélaginu með öðrum hætti, en hér er lagt til, með tilheyrandi umhverfisáhrifum. Á allra næstu árum mun Landsvirkjun ráðast í byggingu nýrra virkjana og fyrirhugað er að endurnýja eldri virkjanir sem auka mun enn meira framboð orku. Samhliða þessu er Landsnet að vinna að styrkingu dreifikerfis um landið. Umhverfisstofnun hefur talið að betri nýting þegar virkjaðra vatnsfalla og aukið framboð orku ættu ekki að hvetja aðila til að ráðast í minni framkvæmdir á nýjum og óröskuðum

svæðum. Mikilvægt sé að mati stofnunarinnar að sveitarfélagið skoði þessi mál í stærra samhengi því eins og er eru langflestir landsmenn háðir afhendingu orku frá Landsneti og RARIK. Að sama skapi ætti að vera unnt að mæta aukinni eftirspurn eftir rafmagni með aukinni flutningsgetu Sigöldulínu 4.

Umhverfisstofnun telur afstöðu sveitarfélagsins til línu- og strenglagna til fyrirmyndar. Umhverfisstofnun hefur lagt áherslu á að raflínur fylgi öðrum innviðum eins og vegum þar sem landi hefur þegar verið raskað. Einnig er jákvætt að sveitarfélagið markar stefnu um hvernig staðið verði að lagningu jarðstrengja. Umhverfisstofnun hefur haft þá skoðun að velja þurfi strengleiðir þannig að ekki verði valin leið um eldhraun þar sem áhrif strenglagnar geta orðið mjög mikil og óafturkræf. Varðandi orkuskipti (bls. 104) telur stofnunin að þó hvatt sé til bygginga smávirkjana í sveitarfélaginu ætti að leggja á þær sambærilegt mat og ráðgert er við línu- og jarðstrenglagnir þannig að ekki verði spillt fallegum fjallshlíðum sem víða eru mikil þryði að.

### Frístundabyggð

Í greinargerð (bls. 72) kemur fram að lögð verði áhersla á að endurheimta og vernda náttúruskóga (náttúrulega og fjölbreytta birkiskóga). Lítið er af birkiskógi í sveitarfélaginu, en helst er hann að finna við Hrífunes og við Núpsá.<sup>9</sup>

Hins vegar gerir tillagan ráð fyrir frístundasvæði við Hrífunes (F8) sem mun valda raski á skóginum vegna uppbyggingar húsa, vegagerðar og annarra framkvæmda.

Umhverfisstofnun bendir á að sérstæðir birkiskógar falla undir 61. gr. náttúruverndarlaga og það er hlutverk Skógræktarinnar að skilgreina skóga sem undir greinina falla.

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að markmið laga nr. 33/2019, um skóga og skógrækt, er að vernda náttúruskóga landsins og stuðla að aukinni útbreiðslu þeirra. Náttúruskógur er skilgreindur skv. lögnum þar sem land, a.m.k. 0,5 ha. að flatarmáli, þar sem sjálfsáanar, innlendar trjátegundir, þ.e. ilmbjörk, reyniviður, blæösp, gulvíðir eða loðvíðir, eru ríkjandi og ná a.m.k. tveggja metra hæð fullvaxnar og a.m.k. 10% krónuþekju.

Umhverfisstofnun tekur undir það að lögð sé áhersla á íslenskar trjátegundir þegar kemur að gróðursetningu á frístundalóðum þ.e. ilmbjörk, reyniviður, gulvíðir eða loðvíðir. Að mati Umhverfisstofnunar ætti að setja í skilmála að ekki skuli gróðursetja furu, ösp og grenitré frekar en orðið er.

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt 10. gr. reglugerðar nr. 583/2000, um innflutning, ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda, er ræktun útlendra plöntutegunda óheimil á svæðum sem njóta sérstakrar verndar eða eins og segir í greininni: „Öll ræktun útlendra tegunda hér á landi er óheimil á friðlýstum svæðum, á landslagsgerðum sem njóta sérstakrar verndar og alls staðar ofan 400 metra hæðar yfir sjó.“

Umhverfisstofnun bendir á að stofnunin veitti umsögn varðandi breytingu á að skipulagi sveitarfélagsins fyrir svæðið dags. 25. febrúar 2021.<sup>10</sup>

<sup>9</sup> [www.skogur.is](http://www.skogur.is)

<sup>10</sup> <https://ust.is/library/sida/umhverfisstofnun/Tillaga%20-%20breyting%20a%20a%20alskipulagi%20Skaft%20a%20rhrepps%202010%20-%202022%20-%20Hr%20adfunes.pdf>



## UMHVERFIS STOFNUN

Umhverfisstofnun bendir á að frístundabyggð við Skálmarbæ (F9) er á hrauni sem fellur undir 61. gr. náttúruverndarlaga og mun hafa áhrif á það.

### **Verslunar- og þjónustusvæði í Hátúni**

Umhverfisstofnun tekur undir að tillagan geti haft neikvæð áhrif á ásýnd og mun valda raski á svæðinu sem fellur undir 61. gr. náttúruverndarlaga.

Umhverfisstofnun bendir á að ef tillagan gerir ráð fyrir raski á jarðminjum þurfi að koma fram hvaða brýnu almannahagsmunir réttlæta rask á þeim.

Umhverfisstofnun bendir einnig á mikilvægi þess að skoðaðir verði og bornir saman aðrir valkostir, fyrir utan Landbrotshóla, fyrir uppbyggingu ferðaþjónustu sem munu ekki raska náttúruminum.

Í greinargerð kemur fram að svæðið er að hluta raskað af slóðum. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að svæðið verði endurheimt með því að afmá slóða og lagfæra til að auka verndargildi og ásýnd svæðisins.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson  
*sérfræðingur*

Björn Stefánsson  
*sérfræðingur*